



Erfðafestuland Fagrahvamms

Í gildi er erfðafestusamningur vegna Fagrahvamms í Skutulsfirði. Samningurinn er frá 1952. Landið var selt á erfðafestu til ræktunar og í 2. grein samningsins er vikið að því að landið skal nýtt til ræktunar *en eigi til bygginga, svarðartekju, grjótnáms eða annara afnota, hverju nafni sem nefnist án sérstaks leyfis bæjarstjórnar.*

Í 7. grein samningsins segir:

Hvenær sem bæjarstjórnin þarfnast erfðafestulandsins handa bænum svo sem undir vegi, byggingarlóðir o.s.frv., eða bæjarstjórnin vill láta landið af hendi til byggingarlóða handa einstökum mönnum, er erfðafestuhafa skylt að láta af hendi erfðafesturétt sinn, hvort heldur er að öllu landinu eða nokkrum hluta þess, gegn 25 aura endurgjaldi fyrir hvern fermetra. Nú eru byggingar, girðingar eða önnur slík mannvirki á þeim hluta landsins, sem bæjarstjórnin krefst sér afhent, skal þá greiða eigenda andvirði þeirra eftir mati tveggja óvilhallra, dómkvaddra manna.

Á verðlagi dagsins í dag eru 25 aurar árið 1952 kr. 13,24.

Í fasteignaskrá er erfðafestulandið skráð 20.179 m². Nokkur mannvirki eru á landinu og eru þau ekki öll innan skilgreindar 1000 m² lóðar sem nær undir íbúðarhúsið.

Sé það vilji bæjaryfirvalda að stefna að íbúðabyggð á landinu og fara þá í þær skipulagsbreytingar sem það kallar á, má gera ráð fyrir stækka þurfi lóðina svo hún nái utan um öll mannvirkin, nema að vilji standi til að innkalla hluta mannvirkjanna skv. 7. grein erfðafestusamningsins.

Gróflega má gera ráð fyrir að lóð undir öll mannvirkin muni mælast 4.200 m² þannig að eftir stæðu 16.000 m² fari það svo að Ísafjarðarbær hyggist skipuleggja byggð á landinu.

Til upprifjunar má benda á að við gerð Holtahverfis á áttunda áratug síðustu aldar, voru gerð makaskipti á landi Fagrahvamms og Góustaða (sem er eignarland), þar sem hluti Holtahverfisins var í landi Góðustaða. Til að bæta Góustöðum það, var tekin sneið úr Fagrahvammslandinu og hún sameinuð Góustöðum, væntanlega með vísan í fyrnefnda 7. grein.

Í 9. grein erfðafestusamningsins er fjallað um forkaupsrétt bæjarstjórnar, vilji erfðafestuhafi selja erfðafesturétt sinn. Þar segir að hyggist bærinn nýta sér forkaupsrétt komi til kasta tveggja óvilhallra dómkvaddra manna að meta kaupverðið.